



Íþróttir — fyrir hina fáu eða hina mörgu?

Ýmis svið þjóðmála eru þannig vaxin, að um þau virðist enginn ágreiningur vera meðal þeirra, sem annars láta sig þjóðmál miklu varða. Stjórnmalabaráttan sneiðir yfirleitt hjá slíkum málum og raunar virðist einu gilda úr hvaða stjórnmalaflokkum þeir ráðherrar eru, sem með þau fara, hver á eftir öðrum, framkvæmdin og stefnan er nánast hin sama hjá þeim öllum. Eitt þessara mála eru íþróttirnar.

Um íþróttirnar má sannarlega segja, að hið framangreinda hafi gilt í ríki þess. Slát af öllu vil ég mæla með því að stjórnmalabaráttan verði færð inni íþróttahreyfinguna, þar fer bezt á því sem verið hefur, að menn starfi saman að hugsjónum hennar gjörsamlega án tillits til stjórnmalaskoðana. Hitt getur engu að síður verið umhugsunarefni hvort ekki hljóti að vera nokkur munur á viðhorfum manna til íþróttastefnu hins opinbera, eftir því hvort þeir eru einstaklingshyggjumenn eða félagshyggjumenn. Og í framhaldi af því má hugleiða, hvort stefna stjórnmalaflokkanna í íþróttamálum hljóti ekki að vera í sitt hvorum farvegnum um eftir því hvort þeir telja sig vinstriflokk eða hægriflokk (svo maður sleppi nú miðflokkum!). Myndi það þá væntanlega gilda jafnt á landsmálasviðinu sem á sviði sveitarstjórnarmálanna. Almenn séð hygg ég, að vinstrisinnadir stjórnmalaflokkar ættu að beita sér fyrst og fremst fyrir almennri þátttöku manna í íþróttum og skapa skilyrði, grundvöll, fyrir henni. Á hinn bóginn myndu hins vegar hægrisinnadir stjórnmalaflokkar sennilega hafa meiri áhuga fyrir að leggja grundvöll að keppnisíþróttum, þar sem stjórnurnar yrðu í hávegum hafðar. Þessi afstaða, í grófum dráttum, virðist

mér, að myndi sennilega vera í samræmi við stefnuskrár- og grundvallarskoðanir stjórnmalaflokkanna. Annað mál er það svo, að í raun og í framkvæmd virðast þeir allir hafa sömu eða svipaða afstöðu til þróunar þessara mála. Byggist það vafalaust einkum á því, að íþróttaleiðtogar hinar skipulögðu íþróttahreyfingar í öllum flokkum fá þar langmestu ráðið um stefnu þeirra á þessu sviði, og eins hinu, að á þessu sviði, sem öðrum, eru þau stjórnmalaflokkar sterkust og ráða því ferðinni að mestu, sem vilja samkeppni á öllum sviðum og hlaða sem mestu undir hina tiltölulega fáu hæfustu. Í samræmi við þetta hefur svo íþróttastefna hins opinbera verið, eins og sérstaklega hefur komið fram í mannvirkjagerðinni. Vita-skuld er þó ekki svo að skilja, að íþróttamannvirki séu ekki ætluð til almanna-nota, þar með sum hver fyrst og fremst (t.d. sundlaugar), en óneitanlega virðist máni sem yfirgnæfandi áherzla hafi verið lögð á að byggja keppnisvelli og keppnishallir af ýmsu tagi, sem og nauðsynlega aðstöðu á því sviði og í tengslum við slíka starfsemi. Þarna hefur allt lagzt á eina sveif: öflug íþróttafélög og vel

skipulögð íþróttahreyfing, sterkir og áhrifamiklir íþróttaleiðtogar í stjórnmalaflokkunum og í kjölfar þess ríkjandi stefna hins opinbera á þessu sviði, jafnt í landsmálum sem í sveitarstjórnarmálum.

Nú kann einhver að draga réttmæti þessara orða í efa. En þá er auðvelt fyrir Reykvikinga, a.m.k., að líta í kringum sig og gefa því gaum hvornig staða þessara mála er þar. Maðurinn á götunni, sem svo er stundum nefndur, þ.e. sá, sem ekki er félagsbundinn í neinu íþróttafélagi, á ekki alltof auðvelt með að bregða á leik, detti það í hann á heimleiðinni úr vinnunni einhvern daginn. Hann getur þó vissulega skroppið í sund... en þar með er það líka nánast talið, sem hann getur gert, umsvifalaust. Ekki eru neinar sérstakar skokkbrautir í borginni, sérstaklega ætlaðar honum, ekki tennisvelli, sem hann á aðgang að án fyrirhafnar eða umsvifa. Ekki getur hann heldur farið á sjóbaðstað, svo auðvelt sem það ætti að vera Reykvikingum (og fleiri sveitarfélögum) að koma upp sómasamlegum sjóbaðstað, hafandi allt það heita vatn úr íðrum jarðar, sem hér er að finna. Hann á þess held-

ur ekki kost að bregða sér á skauta, því að sjálfgeft skautasvell er sjaldséður gestur hér að vetrarlagi og borgin hefur enn ekki komið upp skautaskála fyrir almenning, þótt framkvæmdamaðurinn Þórir Jónsson hafi hrist einn slíkan fram úr erminni fyrir fáum árum. Skíðaáðstaða er hins vegar fyrir hendi í Bláfjöllum a.m.k. ef „maðurinn á götunni“ hefur efni á að eiga og reka einkabil, að öðrum kosti verður hann að hirast heima.

Af þessu má sjá, að „maðurinn á götunni“, þ.e. almenningur hefur í ríki mæli verið sniðgenginn í íþróttamálum. Megináherzlan hefur verið lögð á að gera mjög mikið fyrir tiltölulega fáa — og fyrir bragðið hefur alltof lítið verið gert fyrir hina afar mörgu, sem láta svo líft á sér bæra, íþróttasiður blaðanna skrifa aldrei um og íþróttaleiðtogarnir minnst aldrei á. Og því stefnir sífellt í sömu átt. Máske fær almenningur skokkbrautir eftir 10 ár, hjólréiðabrautir eftir 15 ár, skautaskála eftir 20 ár og ylvölgan sjóbaðstað eftir 25 ár? Ef til vill finnst einhverjum þetta fráleitt, en hver hefur ekki þróun mála verið síðustu 25 árin — og raunar miklu lengur?



...fréttapráðurinn

Dagsími til kl. 20: 81866
Kvöldsími 81976



Sá bannfærði selur grimmt

RAGNAR PALL listmálari sýnir þessa vikuna á Kjarvalsstöðum, en hann var fyrsti listamaðurinn, sem sýningarráð Kjarvalsstaða neitaði um afnot af sölu hússins á sínum tíma. Eftir þá neitun hélt hann sýningu í Bogasalnum, og seldust öll málverkin þar á fyrsta sýningardeg.

Sama sagan endurtók sig svo nú eftir að Ragnar opnaði í síðustu viku þá sýningu, sem stendur yfir. Af 75 málverkum, sem hann sýnir var um helmingur til sölu, og seldust þau öll fyrsta daginn. Milli 1500 til 2000 manns hafa nú séð sýninguna.

Kvennafri veldur stöðvun dagblaða

Ljóst er að Alþýðublaðið mun ekki koma út laugardaginn 25. október vegna kvennafrisins hinn 24. Bæði er það, að konur, sem starfa við setningu blaðsins í Blaðaprenti leggja allar niður störf, svo og munu karlmenn á ritstjórn ekki gerast verkfallsbrjótur og svara í símann, en eini kvennmaðurinn á ritstjórn blaðsins vinnur við símagæzlu.

Vitað er um ýmsar stofnanir, sem loka vegna algerrar þátttöku

kvenna í frídeginum, og hjá Tryggingastofnun ríkisins er 100% þátttaka kvenna, og hjá skólum í Hafnarfirði verður þátttakan svipuð og úrslit kosninga austantjalds, eða 99,99% að því er best verður séð.

Vísir hefur tilkynnt að konum þar verði gefið fri á fullum launum þennan dag, og búast má við að fleiri fyrirtæki muni gefa út svipaðar tilkynningar næstu daga.

Nefndakostnaður 162 millj. millj. króna

Í fyrra voru starfandi samtals 466 nefndir á vegum ráðuneytanna. Nefndamenn voru samtals 2.292 og laun þeirra námu líðlega 80 milljónum króna. Annar kostnaður við nefndirnar var 82,3 milljónir og heildarkostnaður nákvæmlega 162.567.023 krónur.

Langflestar nefndir voru starfandi á vegum menntamálaráðuneytisins eða 158 hvar í sáttu 732 menn. Laun til nefndarmanna voru 15,4 millj. en kostnaður samtals 25,7 milljónir króna.

Hvað kostnað viðkemur ber Íslandshátíðarnefnd 1974 höfuð og herðar yfir allar aðrar nefndir. Samt sem áður var engin þóknun greidd til þeirra er nefndina skipuðu. Kostnaður nam samtals 138,3 millj., en minjagripir voru seldir fyrir 78,5 millj. kr. Samtals kemur því nefndin út með tæpar 60 millj. halla og afleiðingin verður sú, að forsætisráðuneytið hefur langhæstan nefndakostnað eða 65,5 milljónir króna.

Nokkur hreyfing varð á nefndaskipan í fyrra og í árslok var fjöldi nefnda kominn niður í 401 og er þá átt við starfandi nefndir.

Rétt er að taka fram, að mikill fjöldi nefnda voru ólaunaðar.

Bretar hagnast á ferðamönnum

Nýlega komu á markaðinn sex fræðslubækur, sem ætlaðar eru fyrir börn á grunnskólastigi. Bækurnar heita: Forsöguleg dýr,

Tölur og hlutföll, í fjöruborðinu, Úr heimi skordýranna, Vatnið og Blómjurtir.

Útgefandi þessa bókaflökks, sem nefnist „Alfræði barnanna“, er barnabókaforlagið Bjallan, sem hefur það að meginmarkmiði að gefa út fræðslu- og skemmtibækur fyrir þennan aldersflokk.

Bækurnar, sem út komu þessu sinni, eru allar þýddar úr ensku. Þýðendur eru Guðrún Karlsdóttir kennari og bókavörður, sem þýddi þrjár fyrstnefndu bækurnar og Sigrún Klara Hannesdóttir, skólabókafulltrúi, sem þýddi hin ar þrjár. Fengu þýðendur vel kunna Íslenska fræðimenn til þess að yfirfara Íslenska textann með tilliti til fræðilegrar meðferðar á efni. Texti bókanna er léttur og einfaldur, letur stórt og hentar því vel grunnskólaaldri. Myndir í litum prýða hverja síðu og eru þær skýrar og gerðar af listfengi.

Sambandsþing og kvöldvaka

Sambandsþing Norræna félagsins verður haldið í Reykjavík á morgun. Þingið er haldið annað hvert ár, og sitja það fulltrúar hinna ýmsu félagsdeilda. Að þessu sinni eiga rúmlega 90 fulltrúar frá 29 félagsdeildum rétt til þingsetu.

Í tilefni þingsins efnir Norræna félagið til kvöldvöku í Norræna húsinu annað kvöld. Þar verður m.a. lesið úr tveimur norrænum ritverkum, sem eru í þýðingu, styrktri af norrænu þýðingarmiðstöðinni. Hér er um að ræða ljóðabókina „Létt laufblað og vængir fugls“ eftir finsk-sænska skáldið Gunnar Björning og bókina „Undursamlegt líf“ eftir færeyska skáldið Jörgen Frants Jakobsen. Bókin er úrval brefa útgefin af William Heinesen.

Á kvöldvökunni, sem hefst kl. 20.30 kemur einnig fram álenzki óperusöngvarinn Walton Grönroos, sem ráðinn er til að syngja í Carmen í Þjóðleikhúsinu og annar verðlaunahafinn í norrænu planókeppninni hér á landi 1973 leikur á pianó.

Allir félagar Norræna félagsins eru velkomnir á kvöldvökuna meðan húsrúm leyfir.

Borgarbókavörður

Staða borgarbókavörðar er laus til umsóknar. Launakjör fara eftir samningum við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist skrifstofu borgarstjóra fyrir 7. nóvember n.k.

14. október 1975,
Borgarstjórinn í Reykjavík.

Lausar læknastöður

Staða læknis við heilsugæslustöð á Akranesi er laus til umsóknar. Umsóknir sendist heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu fyrir 15. nóv. 1975.

Staða læknis við heilsugæslustöð á Sauðárkróki er laus til umsóknar. Umsóknir sendist heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu fyrir 15. nóvember 1975.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu
13. október 1975.

Laus störf við Alþýðublaðið

Kópavogur:
Alfhólsvegur
Auðbrekka
Hjallabrekka
Nýbýlavegur
Reynigrund

Hafið samband við afgreiðslu blaðsins - Sími 14900

Reykjavík:
Bakkavör
Melabraut
Miðbraut
Nesvegur
Skólabraut
Sævargarðar
Vallarbraut
Melahverfi
Túnin
Bakkana
Gerðin

